



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Skýrsla til stjórnar Akureyrarstofu

vegna starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands árin 2004 – 2006

Markmið Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur það að markmiði sínu að auðga menningarlíf íbúa á öllum aldri á landsbyggðinni og stuðla þannig að fjölbreyttara mannlífi og tónlistaruppeldi. Markmiði sínu nær hljómsveitin:

1. með samstarfi við tónlistarfólk á landsbyggðinni, kóra og aðra tónleikahaldara,
2. með tónleikahaldi fyrir alla aldurshópa, fræðslu- og kynningarstarfi, svo sem með árlegum skólatónleikum,
3. með því að byggja starf sitt fyrst og fremst á hljóðfæraleikurum af landsbyggðinni og gefa þannig starfandi tónlistarfólki þar tækifæri til að iðka og þróa list sína,
4. með því að flytja sem fjölbreyttasta tónlist, sígilda sem nýja, og stuðla að frumflutningi nýrra verka eftir föngum.

1. Tónleikahald á landsbyggðinni

Í samningi Akureyrarbæjar við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem undirritaður var febrúar 2004 segir m.a.: Markmið Akureyrarbæjar er, með fulltingi menntamála-

ráðuneytisins, að styðja við uppbyggingu SN sem meginstoðar sígildrar tónlistar utan höfuðborgarsvæðisins og til að stuðla að því að Akureyri geti verið miðstöð menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur flesta tónleika sína á Akureyri þar sem aðsetur hennar er. Á samningstímanum frá 2004 til ársloka 2006 verður tónleikafjöldi SN 80 tónleikar sem skiptist í 24 almenna tónleika og 56 skólatónleika. Auk þess var SN í samstarfi við Leikfélag Akureyrar á samningstímanum þegar söngleikurinn Oliver var fluttur. Þar var um að ræða 33 sýningar. Það má því segja að hljómsveitin hafi komið fram 113 sinnum á samningstímanum eða 38 sinnum á ári að meðaltali.

Tónleikastaðir, almennir tónleikar:

| | |
|---------------|--------------|
| Akureyri | 15 tónleikar |
| Borgarfjörður | 1 tónleikar |
| Egilsstaðir | 2 tónleikar |
| Eskifjörður | 2 tónleikar |
| Mývatnssveit | 3 tónleikar |
| Reykjavík | 1 tónleikar |

Aðrir tónleikar / sýningar:

| | |
|----------------|--------------|
| Skólatónleikar | 56 tónleikar |
| LA, Oliver | 33 sýningar |

SN hefur frá upphafi haft samstarf við ýmsa aðila um tónlistarflutning. Hljómsveitin hefur fengið til liðs við sig kóra á Norðurlandi og Austurlandi sem þátttakendur í tónleikum hljómsveitarinnar. Kórarnir sem sungið hafa með hljómsveitinni sl. 3 ár eru Stúlknakór Akureyrarkirkju, Kammerkór Norðurlands, Kór Akureyrarkirkju, Kór Tónlistarskólans á Akureyri auk kóra á Austurlandi. Þátttaka hljómsveitarinnar í Kórastefnu við Mývatn frá árinu 2002 hefur auk þess haft í för með sér að fjöldi einsöngvara og kóra víða að af landinu sem og erlendis frá hafa komið fram með hljómsveitinni. Samstarfið við Kórastefnu við Mývatn undir forystu Margrétar Bóasdóttur hefur verið afar farsælt og verður framhald á því í júní 2007.

Á árinu 2004 var unnið að þátttöku hljómsveitarinnar í tónleikum með Heklu – karlakórasambandi Norðurlands. Vegna andstöðu stjórnar Karlakórs Akureyrar-Geysis við samstarfið varð ekki af því.

Í september 2005 var undirrituð viljayfirlýsing við Kirkju- og menningarmiðstöð Eskifjarðar um samstarf um tónlistarflutning á næstu 5 árum, þar sem stefnt er að einu samstarfsverkefni á ári.

Samstarf við Leikfélag Akureyrar fór af stað í nóvember 2004 þegar hafnar voru æfingar á söngleiknum Óliver. Sýningar urðu 33 Auk stjórnandans tóku þátt í sýningunni 13 hljóðfæraleikarar sem allir voru búsettir á eða í nágrenni Akureyrar. Þessi kjarni hljómsveitarinnar fékk með þessum hætti mjög rækilega þjálfun í samleik en annað tónleikahald hljómsveitarinnar lá niðri á meðan sem hefði í för með sér að jaðarhópar hljómsveitarinnar urðu útundan.

Haustið 2005 hélt SN aðventuveislu í Íþróttahöllinni í samstarfi við Knattspyrnudeild Þórs. Um var að ræða aðventutónleika og að loknum tónleikum var jólahlaðborð. Tókst sú veisla afar vel og er blásið til leiks á ný nú í desember.

Borgfirðingar óskuðu eftir samstarfi í júní sl. vegna tónlistarhátíðarinnar Ís-nord. Tónleikarnir voru haldnir í Reykholti og sá Jónína Erna Arnardóttir um framkvæmd hátíðarinnar. Laun hljóðfæraleikara og stjórnanda auk ferða og upphalds voru greidd af Ís-Nord hátíðinni.

Stærsta verkefnið á samningstímanum var tvennir tónleikar sem haldnir voru í tilefni 60 ára afmælis BM-Vallár að frumkvæði Víglundar Þorsteinssonar. Tónleikarnir voru haldnir undir berum himni á Klambratúni í Reykjavík og í Listagilinu á Akureyri og var útvarpað beint frá þeim. Þessir tónleikar voru að öllu leyti kostaðir af BM-Vallá.

Samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar við alla þessa aðila hefur gengið mjög vel og verið ákaflega farsælt fyrir hljómsveitina. Sem fyrr segir þá verður á næstu árum framhald á samstarfinu við Knattspyrnudeild Þórs, Kirkju- og menningarmiðstöðina á Eskifirði og Kórastefnu við Mývatn. Einnig verður Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í samstarfi við Kirkjulistaviku Akureyrarkirkju í maí 2007.

2. Skóla- og fjölskyldutónleikar

Haustið 2004 féllu skólatónleikar niður vegna verkfalls grunnskólakennara en skólatónleikar voru haldnir haustið 2005 og fram í janúar 2006. Flutt var nýtt tónverk eftir Snorra Sigfús Birgisson við smásöguna Stúlkan í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Þáttakendur voru 13 hljóðfæraleikarar ásamt sögumanni og stjórnanda. Farið var í grunnskóla allt frá Siglufirði og austur í Mývatnssveit.

Nú í haust hófust skólatónleikar í október þar sem á efnisskrá er tónverk eftir hollenskt tónskáld Theo Louvendi við ævintýrið Næturgalann eftir H.C. Andersen. Þar

eru á ferðinni 7 hljóðfæraleikarar, sögumaður og stjórnandi. Í ár verður farið í skóla frá Ólafsfirði og allt austur á Raufarhöfn.

Kostnaður við skólatónleika kemur í hlut sveitarfélaganna. Reynir SN að halda kostnaði í lágmarki með því að safna styrkjum fyrir verkefninu. Kostnaður vegna skólatónleika á Akureyri kemur í hlut SN vegna sammings Akureyrarbæjar við SN en þar er sérstakt markmið að leggja áherslu á skapandi starf með börnum.

3. Hljóðfæraleikarar

Fjöldi hljóðfæraleikara á samningstímanum 2004 – 2006 var allt frá því að vera 7 upp í 50 þegar hljómsveitin var fjölmennust. Kjarni hljómsveitarinnar er á Akureyri og í nágrennabyggðum en fastir hljóðfæraleikarar eru víðar af Norðurland en auk þess á Vopnafirði, Reyðarfirði, Hvolsvelli, Hveragerði og Selfossi. Ennfremur leitar hljómsveitin á höfuðborgarsvæðið eftir liðsauka og á sína föstu hljóðfæraleikara þar. Gjarnan eru það brottfluttir Akureyringar sem hafa hlotið tónlistaruppeldi við Tónlistarskólann á Akureyri og í SN. Á Norðurlandi eru nú haustið 2006 búsettir 27 hljóðfæraleikarar sem starfa með SN.

Þann 4. október 2005 var undirritaður samningur milli SN og FÍH um kaup og kjör hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Minni tónleikar (færri en 16 hljóðfæraleikarar)

| Búseta hljóðfæraleikara | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------------|-------|-------|-------|
| Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið | 92,3% | 85,1% | 83,8% |
| Landsbyggðin | 7,7% | 14,8% | 5,0% |
| Höfuðborgarsvæðið | 0,0% | 0,1% | 11,2% |
| | 100% | 100% | 100% |
| Fjöldi hljóðfæraleikara | 52 | 717 | 179 |

Stærri tónleikar (fleiri en 15 hljóðfæraleikarar)

| Búseta hljóðfæraleikara | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------------|-------|-------|-------|
| Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið | 42,6% | 36,5% | 37,1% |
| Landsbyggðin | 19,3% | 25,5% | 26,1% |
| Höfuðborgarsvæðið | 38,1% | 38,0% | 36,8% |
| Alls | 100% | 100% | 100% |
| Fjöldi hljóðfæraleikara | 20 | 19 | 32 |
| | 2 | 2 | 9 |

4. Verkefnaval

Verkefnavalsnefnd SN er þriggja manna nefnd en í henni eru aðalhljómsveitarstjóri, einn fulltrúi hljómsveitarráðs og einn fulltrúi hljóðfæraleikara. Á tímabilinu 2004-2006 hafa Oliver Kentish, Gunnar Þorgeirsson og Anna Podhajska setið í nefndinni ásamt hljómsveitarstjóranum Guðmundi Óla Gunnarssyni.

Verkefnaval fyrir hljómsveit eins og SN er afar vandasamt verk ef vel á til að takast. Verkefnavalið þarf að taka mið af hljómsveitarstærð hverju sinni sem getur verið frá 15 og upp í 50 manns. Það hversu margir hljóðfæraleikarar eru hverju sinni tekur mið af því fjármagni sem hljómsveitin hefur úr að spila. Reynt er sem mest að miða verkefnaval við þann mannskap sem hljómsveitin hefur aðgang að á landsbyggðinni og þá fyrst og fremst hér á Norðurlandi.

Frá upphafi hefur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands gert nokkuð af því að láta íslensk tónskáld semja fyrir sig tónverk. Eftirfarandi tónskáld hafa samið verk að beiðni hljómsveitarinnar: Haukur Tómasson, Hafliði Hallgrímsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörns-son, Tryggvi Baldvinsson, Snorri Sigfús Birgisson, John Speight og Hildigunnur Rúnarsdóttur.

Á árunum 2004-2006 voru tvö tónverk samin að beiðni SN. Haustið 2004 var Hildigunnur Rúnarsdóttir fengin til að semja tónlist við jólasögu og var það verk frumflutt á á adventutónleikum hljómsveitarinnar í desember það ár. Nefndist tónverkið Jólasaga.

Árið 2004 samdi Snorri Sigfús Birgisson að beiðni SN tónverk við smásöguna Stúlkuna í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Verkið var samið fyrir 13 manna hljómsveit og flutt á skólatónleikum hljómsveitarinnar starfsárið 2005-2006. Í lok skólatónleika var tónverkið hljóðritað og bíður nú þess að hægt verði að gefa það út á geisladisk.

